

## Fundargerð Háskólaráðs 06. nóvember 2013

### Staðsetning: Guðmundarstofa 14.30

Mættir: Vilhjálmur Egilsson, Þorvaldur Jónsson, Signý Óskarsdóttir, Jón Freyr Jóhannsson, Guðjón Freyr Gunnarsson, María Einarsdóttir, Anna Elísabet Ólafsdóttir, Tinna Jóhannsdóttir, Sigrún Lilja Einarsdóttir.

Fjarverandi: Guðmundur Ólafsson, Andrea Valgeirsdóttir, Sigtryggur Arnþórsson, Þórunn Unnur Birgisdóttir

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir bárust og fundargerð samþykkt

#### 2. Gæðamál

Framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu ræddi verkefni háskólanna um ritstuldarvarnir, Turn it in. Sameiginlegt leyfi allra íslenskra háskóla fyrir ritstuldarvarnir með forritinu Turnitin hefur verið endurnýjað til þriggja ára, út október 2016. Þessi endurnýjun staðfestir að áfram verður byggt á grunni síðustu tveggja ára. Á næstu dögum sendi ég ykkur endurskoðað yfirlit um stöðu samstarfsverkefnis háskólanna að ritstuldarvörnum. Háskólinn á Bifröst rennir misserisverkefnum og lokaritgerðum í gegnum Turn it in. Rætt um að efla notkun fastráðinna kennara.

Rætt var um stöðuna í innra mati fagsviða og gert grein fyrir því að matsskýrslur verða kláraðar fyrir jólafrí. Á næsta fundi háskólaráðs mun skipað í þrjá hópa til þess að framkvæma innra mat á lögfræðisviði, viðskiptasviði og stofnanamat.

Kennslumat sumarannar 2013 og miðannarmat haustannar 2013 var lagt fram til kynningar. Fulltrúar nemenda í gæðaráði munum ganga í stofur í síðustu kennsluviku og hvetja nemendur til þess að taka þátt í kennslumati annarinnar.

Rætt var um breytingar á viðauka með prófskírteinum sem þarf að koma inn í útskriftarferli fyrir útskrift í febrúar. Ráðgjafanefnd gæðaráðs háskólanna vill skoða möguleika á samstarfi milli skóla varðandi framsetningu á skírteinisviðaukum.

Greint var frá því að unnið er að tengingu milli nemendabókhalds skólans og LÍN, vonast er til að hægt verði að prufukeyra þá lausn í janúar 2014.

Á næsta fagráðsfundi verður sett af stað vinna við gerð aðgangsviðmiða í námslínur við Háskólann á Bifröst. Það felur í sér að háskólar þurfa að tilgreina æskilega hæfni nemenda úr framhaldsskólum fyrir inngöngu í háskólanám.

### **3. Vinna við fjárhagsáætlun 2014**

Fjármálastjóri fór yfir stöðuna í gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Framlag frá ríkissjóði hefur lækkað og mun hafa áhrif á næsta ári. Tilraunaverkefni um hækkað menntunarstig gæti haft jákvæð áhrif á næsta ári en það veltur á þróun þess á næstu vikum. Verið er að skoða hvernig skipulag náms hefur áhrif á kostnað vegna kennslu. Einnig er unnið að spá um nemendafjölda á næsta skólaári og áhrif ef skólagjöld verða hækkuð. Umræður fóru af stað varðandi skólagjöldin og hugsanlega hækkun á þeim.

### **4. Umfjöllun um háskólamál í Borgarfirði**

Rektor fór fjallaði um háskólamál í Borgarfirði og áréttaði að Háskólinn á Bifröst verði rekinn sem sjálfstæður skóli í Borgarfirði sem bíður upp á gott nám og undirbýr nemendur vel fyrir þátttöku í atvinnulífinu. Mörg verkefni eru farin af stað til þess að efla skólann og fá inn fleiri nemendur. Framkvæmdastjórn skólans ásamt stjórn háskólans eru einhuga í því að skólinn skuli rekinn áfram sem sjálfstæð stofnun. Mikilvægasta verkefnið nú er að stilla upp raunhæfum áætlunum og fylgja þeim eftir.

### **5. Lotukennsla**

Aðstoðarrektor kynnti hugmyndir um lotukennslu á næsta skólaári. Sviðsstjórar hafa stillt upp námslínur á sínu sviði í lotukerfi í staðnáminu. Fjarnámið hefur verið kennt í lotum og hugmyndin er að staðnámið verði líka kennt í lotum. Hugmyndir ræddar um skipulag náms í lotukerfi, kosti og galla. Verið er að vinna að þessum hugmyndum, kennarar og nemendur hafa fengið tækifæri til þess að koma að vinnunni á viðskiptasviði og nemendur og kennarar á öðrum sviðum.

### **6. Matvælarekstrarfræði**

Námsskrá fyrir BS í matvælarekstrarfræði hefur verið send til umsagnar meðal aðila í matvælaíðnaði og margar góðar ábendingar hafa komið og tekið tillit til þeirra við þróun námsins. Námið skiptist í grófum dráttum í þrennt, viðskiptafræði, framleiðslufræði og matvælafræði. Matís og Matvís hafa sýnt samstarfi mikinn áhuga. Unnið er að kynningu á náminu meðal aðila í atvinnulífinu og viðbrögð hafa verið góð.

Aðstoðarrektor vinnur í því að skoða möguleika á þróun diplománáms í matvælarekstrarfræði og hvaða undanfarar eru nauðsynlegir og hvernig mætti skilgreina útgönguleiðir úr því námi yfir í BS nám.

### **7. Tilraunaverkefni um hækkað menntunarstig**

Rektor ræddi um stöðu tilraunaverkefnis um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi. Núna er verið að stilla upp verkefnum sem komið hafa út úr þeirri greininarvinnu sem unnin hefur verið á árinu. Háskólinn á Bifröst mun taka forystu í því að þróa námskeið í símenntun sem hægt er að fara með inn í fyrirtæki eftir þörfum þeirra. Hægt verður að blanda saman fjarnámslausnum og kenna á staðnum. Sérstök áhersla verður lögð á matvælaíðnað og þjónustuiðnað.

Kynntar voru hugmyndir um innihald námskeiða sem hægt væri að bjóða upp á, almenn ánægja með þær hugmyndir.

### **8. Önnur mál**

Hugmynd frá nemanda um að selja Bifrastar upplifun á aðventu. Hægt væri að bjóða gistingu, jólahlaðborð og skipuleggja skemmtilegar samverustundir. Einnig væri hægt að selja gjafabréf. Mikil ánægja með þessa hugmynd og ákveðið að setja saman vinnuhóp til þess að þróa áfram og fylgja eftir.

Fundi slitið 16.40

Fundarritari Signý Óskarsdóttir